

**Fundargerð**  
**Fundur þróunarsamvinnunefndar 20. september 2024**  
**Kl. 09:00 – 11:00 í utanríkisráðuneytinu og á Teams**

**Mætt:**

Stella Samúelsdóttir, formaður þróunarsamvinnunefndar, Geir Gunnlaugsson (Háskóla Íslands), Jakob Frímann Magnússon (Flokkur fólksins), Þórarinn Ingi Pétursson (Framsóknarflokkur), Erna Bjarnadóttir (Miðflokkur), Gísli Rafn Ólafsson (Píratar), Þórunn Sveinbjarnardóttir (Samfylking), Bryndís Haraldsdóttir (Sjálfstæðisflokkur), Bjarni Jónsson (Vinstri Græn), Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir (Viðreisn), Ragnar Schram (SOS barnaþorp), Birna Þórarinsdóttir (UNICEF), Kristín Ólafsdóttir (Hjálparstarf kirkjunnar), Kolbrún Pálsdóttir (Barnaheill), Ragnar Gunnarsson (SÍK), Halldór Halldórsson (SA) og Valmundur Valmundsson (Alþýðusamband Íslands).

Erna Bjarnadóttir (Miðflokkur), Guðrún Margrét Guðmundsdóttir (Alþýðusamband Íslands), Sólrún María Ólafsdóttir (Rauði krossinn á Íslandi) og Sjöfn Vilhelmsdóttir (GRÓ-LRT) boðuðu forföll.

**Fulltrúar utanríkisráðuneytisins:** Elín Rósa Sigurðardóttir, Anna Pála Sverrisdóttir og Oddur Ingi Nyborg Stefánsson.

**Hluta fundarins sátu að auki:** Marta Birna Baldursdóttir, fjármálaráðuneytinu.

**Nefndarritari:** Ósk Sturludóttir.

**1. Fundur settur (09:10)**

Formaður þakkaði ráðherra fyrir traustið með tilnefningu sinni, fyrrum formanni fyrir góð störf og kynnti sig fyrir nefndarmönnum. Formaður skerpti á hlutverki þróunarsamvinnunefndar og þá einkum samskipti þróunarsamvinnunefndar við utanríkismálanefnd, en formaður mun leggja áherslu á að virkja upplýsingagjöf til utanríkismálanefndar. Formaður tók fram að verið sé að setja niður dagskrá haustfunda og hvatti nefndarmenn til að deila mögulegum tillögum að viðfangsefnum til formanns eða ritara. Búist er við því að utanríkisráðherra taki þátt í fundi nefndarinnar í nóvember.

Nefndarmenn tóku vel í áherslu formanns um að virkja samskipti við utanríkismálanefnd, enda mikilvægt að nefndin sé upplýst um þau mál sem eru til umræðu á vettvangi þróunarsamvinnunefndar og að þeim áherslum sem settar voru fram í stefnu Íslands um alþjóðlega þróunarsamvinnu, þ.m.t. hækkun framlaga, verði haldið á lofti. Nú er verið að ræða fjárlög og því gott tækifæri til að minna á þær skuldbindingar sem að voru samþykktar á þingi í desember 2023.

**Mannúðaraðstoð Íslands á alþjóðlegum vettvangi (09:20).**

Anna Pála Sverrisdóttir, deildarstjóri mannúðarmála, kynnti starf Íslands á vettvangi mannúðaraðstoðar. Fór hún yfir helstu áherslur í samræmi við stefnu Íslands í alþjóðlegri

þróunarsamvinnu, helstu áherslustofnanir, ásamt þeim ferlum sem liggja að baki ákvörðunum um framlög hverju sinni. Tók hún fram að þróunarsamvinna og mannúðaraðstoð byggja á ólíkri nálgun, en þurfa jafnframt að tala saman. Þörf á mannúðaraðstoð fer stöðugt vaxandi með aukinni tíðni náttúruhamfara og óstöðugleika. Það sé metnaðarmál að Ísland sé gott gjafaríki sem einkennist af áreiðanleika, fyrirsjáanleika og sveigjanleika. Meginhluti framlaga Íslands eru því bundin í kjarnaframlög til áherslustofnana. Í mannúðaraðstoð er stuðningi beint til lykilstofnana Sameinuðu þjóðanna á því sviði: Matvælaáætlunar Sameinuðu þjóðanna (WFP), Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNHCR), Neyðarsjóðs Sameinuðu þjóðanna (CERF) og samræmingarskrifstofu aðgerða Sameinuðu þjóðanna í mannúðarmálum (OCHA). Því til viðbótar verði áfram haft samstarf við Palestínuflóttamannaáðstoð Sameinuðu þjóðanna (UNRWA) og alþjóðaráð Rauða krossins (ICRC). Það er mikilvægt að þeir sem að veita mannúðaraðstoð í okkar nafni geri það í samræmi við alþjóðleg mannúðarlög. Ráðuneytið hefur eftirlit með því starfi sem að okkar áherslustofnanir leysa af hendi og því hvernig framlögum er varið. Eftirlit fer fram bæði frá ráðuneytinu, sendiskrifstofum og með vettvangsferðum. Ráðuneytið er að uppfæra stefnumið um mannúðaraðstoð á alþjóðlegum vettvangi. Ekki er reiknað með miklum breytingum, enda núverandi stefnumið nýleg, en stefnumiðin verða uppfærð í takt við nýja stefnu Íslands í alþjóðlegri þróunarsamvinnu.

## **2. Mannúðarstarf íslenskra félagasamtaka (09:50).**

Kolbrún Pálsdóttir kynnti starf Barnaheilla á sviði mannúðaraðstoðar. Barnaheill starfar með alþjóðasamtökunum Save the Children International á alþjóðavettvangi og berast reglulega neyðarbeiðnir frá Save the Children. Barnaheill á Íslandi velur verkefni sem að falla að sínum áherslum, en þær eru: vernd gegn ofbeldi gangvart börnum, jafnrétti kynjanna og mannréttindi barna. Barnaheill leggur áherslu á þessi atriði vegna sérþekkingar samtakanna í þessum málaflokkum. Stuðningur er tvíþættur, annars vegar fjárframlög til Viðbragðssjóðs Save the Children sem hefur getu til að bregðast hratt við ef neyð kemur upp, og hinsvegar langtíma mannúðaraðstoð (nexus), en Barnaheill styður slíkt verkefni í austurhluta Kongó þar sem lögð er áhersla á vernd barna gegn ofbeldi, með sérstaka áherslu á börn sem hafa sloppið úr klóm vígahópa, og er það verkefni stutt með framlögum utanríkisráðuneytisins undir rammisamningi.

Kristín Ólafsdóttir kynnti starf Hjálparstarfs kirkjunnar og Rauða krossins. Mannúðaraðstoð á vegum Hjálparstarfs kirkjunnar snýst um vonina, um uppbygginguna. Hjálparstarfið starfar með Alþjóðlegu hjálparstarfi kirkna (ACT Alliance). Voru nefnd nokkur dæmi um verkefni á vegum Hjálparstarfsins, má þar helst nefna stuðning til Palestínuflóttamannahjálpar kirkjunnar í Mið-Austurlöndum (Middle East Council of Churches, Department of Service to Palestinian Refugees – MECC DSPR) á Gaza sem sinna heilbrigðisþjónustu og veita sálræna aðstoð til barna. Samstarfsaðilar hafa sýnt mikla þrautseigju við erfiðar aðstæður á Gaza. Hjálparstarf kirkjunnar leggur einnig mikla áherslu á samþættingu þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoðar (nexus) í sínum verkefnum, til dæmis með áherslu á að styrkja almannavarnir í þróunarsamvinnuverkefnum.

Kristín lýsti fyrir hönd Rauða krossins þeim áherslum og ferlum sem að samtökin fara eftir við val á mannúðarverkefnum. Áherslur Rauða krossins eru jafnrétti, vernd, þátttaka án aðgreiningar, loftlagsaðgerðir og krísur, og uppbygging á getu landsnefnda. Rauði krossinn starfar í samræmi við þær skuldbindingar sem að settar voru fram undir Grand Bargain um að

auka skilvirkni og áhrif í mannúðaraðstoð með því að auka samvinnu, samhæfingu, samlegð og þátttöku samfélaga á staðnum. Alþjóðateymi Rauðakrossins er með fast verklagsferli þegar verið er að meta neyðarbeiðnir frá Alþjóðaráði eða Alþjóðasambandi Rauða kross félaga. Metið er hvar þörfin sé mest, hvort verkefnið sé á því svæði sem vilji er til að styrkja (Afríku sunnan Sahara og Mið-Austurlönd), og hvort verkefnið samræmist áherslum Rauða krossins. Rauði krossinn styrkir oftast neyðaraðgerðir alþjóðaráðsins og alþjóðasambands Rauða krossins, en samtökin styrkja einnig einstaka landsfélög. Rauði krossinn hugar að samlegð milli þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoðar og leggur því áherslu á sjálfbærni í neyðaraðstoð, byggir upp getu landsfélaga eins og auðið er í og eftir neyðarástand, veitir sjálfbóðaliðum þjálfun, byggir upp innviði og eflir nærsamfélagið á hverjum stað. Í þróunarsamvinnu verkefnum Rauða krossins er áhersla á að efla viðnámsþrótt samfélaga og neyðarvarnir.

### **3. Umræður (09:55)**

Spurt var um stuðning til Mannfjöldasjóðs Sp (UNFPA), en það var ekki minnst á þá stofnun í kynningu á starfi ráðuneytisins í mannúðaraðstoð. Mannfjöldasjóður Sp er áherslustofnun en kjarnaframlög til stofnunarinnar koma af fjárhagslið þróunarsamvinnu, og var því ekki tekin fram í kynningunni. UNFPA starfar samt sem áður bæði á vettvangi þróunar og mannúðar.

Nefndarmenn spurðust eftir frekari upplýsingum um áherslur innan starfa í þágu stöðugleika og friðar. Kom fram að verkefni á þessu sviði séu fá og að þekking á málaflokknum sé takmörkuð á Íslandi. Áhersla er lögð á stuðning við sérstök verkefni þar sem að sérþekking geti nýst, t.a.m. þátttaka kvenna í friðarferlum. Verkefni sem að Ísland styður í Afganistan á vegum UN Women snertir á þessu. Nefndarmaður tók fram að þekking á málaflokknum byggist ekki upp nema ákvörðun þess efnis sé tekin. Mun það meðal annars hafa áhrif á það hvernig Ísland beiti sér í uppbyggingu Palestínu.

Nefndarmenn tóku undir mikilvægi þess að Ísland sé ábyrgt gjafaríki og að áhersla sé á óeyrnamerkt kjarnaframlög sem gera stofnunum kleift að bregðast hratt við neyð. Spurt var um aukin framlög til Úkraínu og forgangsroðun framlaga, en sem dæmi hafa háar fjárhæðir til Úkraínu borist í tal á meðan alvarleg staða í Súdan virðist gleymast. Minnti nefndarmaður á að þingsályktunartillaga utanríkisráðherra um stefnu um stuðning Íslands við Úkraínu tekur fram að stuðningur til Úkraínu eigi ekki að vera á kostnað fátækari ríkja. Þá var einnig rætt hver réttur vettvangur væri til viðbragða vegna innrásarinnar inn í Úkraínu og í því samhengi minnst á borgaralega þjónustu sem Ísland styður innan NATO. Kom fram að stefna Íslands sé sett af alþingi en ekki utanríkisráðuneytinu. Tekið sé tillit til þess hvar þörfin er mest og hver staða fjáröflunar er hverju sinni. Stuðningur Íslands til fólks í Súdan berst í gegnum alþjóðastofnanir, en stuðningur til Úkraínu miðast einnig að því að koma í veg fyrir að stríðið breiðist út.

Þá var rætt hvort og hvernig félagasamtök gætu nálgast framlög til Úkraínu og hvort ríkari áhersla ætti að vera á starf með grasrótinni í mannúðaraðstoð. Kom fram að alþjóðastofnanir vinna með grasrótarsamtökum, stuðningur er því ekki tvískiptur á milli félagasamtaka og alþjóðastofnana, en viðbrögð og samstarf er lagskipt. Nýir rammamasamningar við félagasamtök eru í undirbúningi og fjárframlög ekki enn staðfest, en utanríkisráðuneytið gerir ekki kröfu um framlög til ákveðinna landa. Nefndarmenn lýstu ánægju með þá stefnu ráðuneytisins að stýra ekki verkefnum félagasamtaka og hvöttu ennfremur fulltrúa félagasamtaka til að senda inn umsagnir um fjárlögin, en þau fá miklar umræður á þingi og væri leið til að upplýsa þingmenn hvað það er sem þróunarsamvinna gengur út á.

#### **4. Jafnréttisskuldabréf (10:25)**

Marta Birna Baldursdóttir frá fjármálaráðuneytinu kynnti kynjuð skuldabréf, en Ísland var fyrst þjóða til að gefa út slík skuldabréf í júní s.l. Tók Marta fram að um er að ræða kynjuð skuldabréf (e. gender bonds), en ekki jafnréttisskuldabréf þar sem jafnrétti nær yfir mun víðara svið en kyn. Kynjuð bréf eru gefin út til að fjármagna tiltekin verkefni eða útgjöld sem miða að því að styðja við markmið á sviði jafnréttismála og stöðu kvenna. Kynjuð skuldabréf falla undir sjálfbæra fjármögnun, en sjálfbær fjármögnunarrámmi ríkissjóðs var birtur í september 2021 og tekur til grænna, blárra og félagslegra verkefna. Áhersla var lögð á að skilgreina staðla og mælikvarða verkefna, bæði til að geta fylgt fjármagni og verkefnum eftir, en einnig til að koma í veg fyrir svokallað “gender washing.”

Spurt var hver munurinn væri á að gefa út kynjuð skuldabréf og að setja pening úr ríkissjóð í þessi verkefni. Eins var rætt hver kjörin væru á þessum skuldabréfum miðað við önnur skuldabréf. Kom fram að kynjuð skuldabréf sé leið til að fjármagna útgjöld ríkisins en að sama skapi stuðla að jafnrétti kynjanna með áherslu á slík verkefni. Kjörin sem fengust fyrir kynjuðu skuldabréfin séu áþekkt þeim sem hafa fengist fyrir önnur skuldabréf, en í þetta sinn gaf fjármálaráðuneytið út skuldabréf upp á 50 milljónir evra, sem að nær ekki lágmarksupphæð til að fara í útboð. Fjármálaráðuneytið var meðvitað um þá staðla sem að voru til staðar og kusu heldur að gefa út lægri upphæð. Sjóður sem að sérhæfir sig í evrópskum skuldabréfum keypti öll hlutabréfin að þessu sinni, en þess vegna féllu þróunarsamvinnuverkefni ekki undir verkefni fjármögnuð af kynjuðum skuldabréfum að þessu sinni. Það er aftur á móti mikill áhugi meðal fjárfesta og verkefni innan þróunarsamvinnu falla vel að stöðlum kynjaðra skuldabréfa, þetta sé tækifæri til framtíðar.

Spurt var hvort fjármálaráðuneytið hefði skoðað svokölluð „catastroph bonds“ til að takast á við mannúðaraðstoð. Var staðfest að það hefur ekki verið tekið til skoðunar.

#### **5. Önnur mál (11:05)**

Geir Gunnlaugsson kynnti nýja bók áhugamannafélagsins Afríka 20:20 „Afríka Sunnan Sahara í brennidepli II,“ sem var meðal annars gefin út með stuðningi utanríkisráðuneytisins. Bókin er send í alla grunnskóla og framhaldsskóla, og er dæmi um upplýsingagjöf og fræðslu um heimsálfuna og um þróunarmál, en í bókinni er einnig kafli sem að fjallar um upphaf íslenskrar þróunarsamvinnu í álfunni.

Kynning á áherslum Íslands í ráði Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) var frestað til næsta fundar.

#### **Fundi lokið kl. 11:05.**